

Skólaheimsókn starfsmanna Hólabrekkuskóla til Þýskalands; Heidelberg og Schwabish Hall.

Klukkan 4.30 að morgni föstudagsins 5. júní mættu tæplega 60 manns fyrir utan Hólabrekkuskóla í Breiðholti. Þetta voru starfsmenn skólans ásamt 8 mökum á leið í skemmti- og námsferð til Heidelberg í Þýskalandi. Farið var með rútu frá skólanum að Leifsstöð og var boðið upp á morgunhressingu á leiðinni, samloku og ávaxtadrykk. Flogið var til Frankfurt þar sem okkar beið rúta sem flutti okkur til Heidelberg. Þar gistum við á Crown Plaza Hotel <http://www.crowneplaza-heidelberg.de> frábæru hóteli alveg í hjarta borgarinnar. Þar sem þetta var föstudagur áttum við frí fram á mánudag. Gat því hver og einn nýtt tímann að vild, ýmist í búðaráp, skoða söfn, fara í siglingu á Necar ánni, skoða brýr, fara í golf eða bara slakað á heima á hóteli. Á laugardagskvöldið var hátíðarkvöldverður á Pälmbrau Gasse KERO GmbH, góðum veitingastað í göngugötunni. Þar skemmtum við okkur fram eftir kvöldi. Að loknum kvöldverði rölti mannskapurinn heim á hótél með smá stoppum hér og þar til að spila á gítar og syngja. Íslensk kona sem búsett er í Heidelberg gekk á hljóðið og sagðist hafa verið fljót að átta sig á því að þar væru Íslendingar á ferð. Þjóðverjar að minnsta kosti skemmtu sér ekki svona. Á sunnudag var svo farið í skoðunarferð undir leiðsögn. Þá var gamli bærinn skoðaður aðallega háskólar, kirkjur og kastalinn.

Að morgni mánudags þurftum við að vera komin í rútu fyrir kl. 7.30 til að fara í fyrstu skólaheimsóknirnar. Ætlunin var að keyra til Schwaebisch Hall og skoða skóla þar í nágrenninu. Mannskapnum var skipt upp í þrjá hópa. Eftirtaldir skólar voru skoðaðir:

Michelfeld Grundschule www.gs-michelfeld.de. Grunnskóli með u.þ.b. 150 nemendur í 1. - 4. bekk. Túlkur okkar var íslensk, Freyja Rún 8 ára nemandi við skólann. Þar var bókasafn sem lánaði nemendum í 3. og 4. bekk bækur heim.

Gottwollshausen Grundschule www.gsgottwollshausen.de. Grunnskóli með 190 nemendur í 1.- 4. bekk. Meirihluti nemenda eða 60-80% eru innflytjendur frá 14 löndum. Ekkert vitað um bókasafn.

Schulezentrum West, Baden-Wurttemberg www.ewg-sha.de

Ég fór í Schulzentrum West en þar eru starfræktir þrír sjálfstæðir skólar með samtals um 2000 nemendum.

Erasmus-Widmann-gymnasium www.erasmus-widmann-gymnasium.de

Leonhard Kern Realschule www.l-kern-rs.de

Thomas-Schweicker-Hauptschule www.ths.de

Fyrst fórum við í fundarsal þar sem var farið yfir það hvernig þýska skólakerfið virkar, en það er mjög frábrugðið okkar kerfi. Þar kom fram að eftir 4 bekk er nemendum raðað í bekki eftir getu og er það einhver skólanefnd sem sér um það. Ef foreldra eru ekki sáttir fyrir hönd barna sinna geta þeir kvartað, þá fer barnið í viðtöl og próf, en nefndin kemst oftast að sömu niðurstöðu svo fáir leggja það á börnin sín. Stigin eru 3, það er Hauptschule 30% þau slökustu, Realschule 40% millistigið og Gymnasium 30% þau klárustu.

Hauptschule er fyrir 10 – 15/16 ára. Þar fá nemendur verklega kennslu auk bóknáms. Þau eru undirbúin undir að sinna lökustu störfunum í þjóðfélaginu svo sem þrifum á hótelum, afgreiðslustörf og fl.

Realschule er fyrir 10 – 16/17 ára. Þar er bókleg kennsla auk iðn- og tæknimenntunar. Þessir krakkar geta bætt við sig námi og farið í tækniskóla.

Gymnasium er fyrir 10 – 18/19 ára og er hefðbundinn menntaskóli. Þetta eru einu nemendurnir sem geta farið í háskólanám.

Við fengum að fylgjast með kennslu og vakti það athygli okkar hve nemendur voru virkir í tímum. Ég fór í enskukennslu í 7. bekk í Realschule. Nemendum var skipt þannig að stelpur sátu hægra megin og drengir vinstra megin. Það sem vakti athygli okkar var hve nemendur voru virkir í tímum. Réttu upp hönd til að svara og fóru upp að töflu til að leika og allt fór þetta fram á ensku. Þeir sem fóru inn í Gymnasium höfðu sömu sögu að segja. Þar sem próf stóðu yfir í Hauptschule fengum við ekki að skoða hann. Ég var mjög spennt fyrir að sjá bókasafnið þar sem á aðalgangi skólans var glerkassi með bókum sem auglýsing fyrir safnið. Ég varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum þegar ég sá safnið. Það var mjög fátækt og ekkert aðlaðandi að koma þar inn. Bókavörðurinn, eldri maður, skildi enga ensku svo við gátum ekki spurt hann um skipulag og vinnufyrirkomulag. Safninu var raðað upp eftir þýsku kerfi mér óskiljanlegu. Þar voru hins vegar borð og stólar svo það er líklegt að einhver vinna nemenda hafi farið þar fram.



Auglýsingar á aðalgangi skólans bentu til þess að í skólanum væri gott safn



Eftir vel heppnaðan hádegisverð á sveitakrá í nágrenninu var haldið af stað aftur til að skoða fleiri skóla. Hópnun var nú skipt í tvennt.



Annar hópurinn fór í Waldorfsskóla í Sshwaebisch Hall www.waldorfschule-hall.de. Þetta er einkaskóli og starfar eftir kenningum Rudolf Steiner. Nemendurnir eru um 500 á aldrinum 1 – 19 ára (leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli). Þarna var ágætis bókasafn en þeir sem heimsóttu skólann fengu engar upplýsingar um notkun þess.

Minn hópur fór í Michelbach an der Bilz www.ev-schulzentrum-michelbach.de. Það er einkaskóli rekinn af Protistant-kirkjunni. Í honum voru um 650 nemendur sem skiptust í þrjár brautir.

1. Realschule (intermediate school) 10-16 ára.
2. Aufbaugymnasium (grammar school) 13-19 ára.
3. Gymnasium (grammar school) 10-19 ára.

Þarna var ekki boðið upp á Hauptschule, það er nám fyrir slökustu nemendurna. Þetta var sambland af heimavistarskóla og heimangönguskóla. Nemendur voru í skólanum frá kl. 8 – 16 alla daga og í skólanum var mötuneyti. Ég fór ásamt fleirum að skoða myndmenntakennslu og vorum við mjög ánægð með það sem okkur var sýnt, en nemendurnir voru ekki alveg eins stilltir og í skólanum sem við heimsóttum um morguninn. Þarna bað ég um að fá að skoða skólasafn ef til væri. Skólasafnið var til og var reyndar að flytja í nýtt húsnæði. Húsnæðið minnti helst á íbúð þar sem voru nokkur lítil herbergi sitthvoru megin við gang og svo eitt nokkuð stærra við enda gangsins. Inni í þessum litlu herbergjum var sófi og 2 -3 hillueiningar með bókum. Notalegt til að láta fara vel um sig við lestur. Í endaherberginu var bókavörðurinn staðsettur. Þar voru 3 tölvur við borð ætlaðar nemendum. Unnið var við flokkun, eftir þýska kerfinu, og tölvuskráningu gagna. Engin kennsla fer fram á



safninu, en nemendur fá smá kynningu þegar þeir koma nýir í skólann.

Hólmfríður skólastjóri ásamt safnverði Michelbach an der Bilz.



Eftir þessa síðdegisheimsóknir var lagt af stað heim á leið og átti að stoppa í fallegum dal við Neckar ána og snæða nesti. Þessi fallegi dalur reyndist vera bílastæði fyrir rútur. Bílstjórinn snaraði fram tveimur borðum. Á þau var maturinn lagður og svo stóðum við upp á endann eða settumst á steina meðan snætt var. Þetta var hin skemmtilegasta máltíð með útsýni yfir fallegt umhverfi Neckarárinnar. Þarna stoppuðum við í hátt á þriðja tíma og enduðum eins og fyrr með gítarspili og söng. Komið var að hótelinu um kl. 9, svo þetta var orðinn langur dagur.

Morguninn eftir þurftum við ekki að mæta í skólaheimsóknir fyrr en kl. 10 og það í Heidelberg svo okkur fannst við nú heldur betur geta sofið út. Þá voru skoðaðir tveir skólar. Það voru:

Heidelberg International School www.hischool.de. Alþjóðlegur einkaskóli sérsniðinn fyrir börn fjölskyldna sem eru á faraldsfæti vegna vinnu. En einnig eru í skólanum þýsk börn þeirra foreldrar sem vilja fá alþjóðlegri kennslu en í almennum þýskum skólum. Nú eru rúmlega 120 nemendur í skólanum af 28 þjóðernum. Kennarar eru frá 15 löndum. Þarna mætast því ólíkir menningarheimar. Skólinn er í félagi alþjóðlegra skóla á heimsvísu. Alls starfa um 40 manns við skólann og eru þeir allir enskumælandi. Nemendur þessa skóla lenda ekki í flokkun þýska skólakerfisins og hafa því meira að segja um sitt nám en nemendur annarra skóla. Nemendur skiptast í 3 aldurstig; börn 4 -5 ára sem er forskólastig, 1.- 5. bekkur er saman og svo 6. - 10. bekkur saman. Fáir eru í hverjum bekk aðeins 8 – 15 nemendur. Námskrá skólans er alþjóðleg og skólinn ekkert styrktur af ríkinu. Skólagjald á hvern nemanda er um 16 þúsund evrur og er mikið um að fyrirtæki greiði fyrir börn starfsmanna sinna. Þessi skóli var vel útbúinn að öllu leyti og ekkert til sparað. Skólinn var mun betur útbúinn en aðrir skólar sem heimsóttir voru og í raun mun betur en við þekkjum hér. Þar var mjög gott bókasafn sem nemendur fóru á til að vinna verkefni og afla upplýsinga úr bókun eða tölvum.



Minn hópur fór í Carl-Bosch Schule www.cbs-heidelberg.de/cms/index.php. Þetta var nokkurs konar iðnskóli einkum ætlaður nemendum úr Hauptschule, það voru nemendur frá 16 ára. Hann var með bílgreinar, stoðtækjagerð, rennismíði, tölvuvinnu og margt fleira, eða alls um 350 mismunandi brautir. Þetta voru svona hefðbundnar karlagreinar enda aðeins 113 stúlkur af 1354 nemendum. Þessi skóli var eftirsóttur úr öllu Þýskalandi og einnig frá nágrennalöndunum. Þarna gafst ekki tími til að kanna safnkost eða yfir höfuð hvort safn var til staðar. Verklegr og bókleg kennsla fór fram í sömu stofu þannig að bílvélar og námsborð voru nánast hlið við hlið. Þótti það mjög gott, þá gátu nemendur skoðað t.d. bílvél um leið og lesið var um hana. Hafði þessi skóli það að markmiði að gefa nemendur Hauptschule tækifæri til menntunar. Á sömu lóð var skóli með hefðbundnum kvennagreinum en við heimsóttum hann því miður ekki.

Í Baden Württemberg sýslunni hafa þeir einsett sér að útrýma Hauptschule innan þriggja ára þar sem nemendur sem koma úr þeirri braut eiga mjög erfitt uppdráttar í þjóðfélaginu og njóta almennt ekki sömu tækifæra til náms eða vinnu og nemendur af hinum brautunum.

Eftir hádegi þennan dag fór allur hópurinn á fyrirlestur í Hector Seminar. Það er ekki eiginlegur skóli heldur tilraunaverkefni ætlað bráðgerum börnum. Börnin halda áfram í sínum heimaskóla en koma tvær kennslustundir í viku til að leysa ýmsar þrautir og vinna meira krefjandi verkefni heldur en heimaskólinn býður upp á. Einstaka sinnum eru þau heilan dag og er það þá á laugardögum. Verkefni þetta er samstarfsverkefni háskólanna í München og Karlsruhe, auk menntamálaráðuneytisins og aðila úr atvinnulífinu. Markmið þess er að afburðanemendur í grunnskólum fái að spreyta sig á sérstökum verkefnum við þeirra hæfi. Einn af hugmyndasmiðum verkefnisins Dr. Hans Werner Hector sér um fjármögnun. Erfitt er um inngöngu í skólann, margir nemendur eru tilnefndir, þeir þreyta strangt inntökupróf en

einungis 60 komast að. Kennslan byggir á 4 fögum stærðfræði (Mathematik), upplýsingatækni (Informatik), náttúruvísindum (Naturwissenschaften) og tækni (Technik). Í dag eru um 70% nemenda strákar en 30% stelpur. Fyrirlesturinn var bæði fróðlegur og skemmtilegur.

Eftir dvöl mína í Baden Würnberg sýslu þá sýnist mér að þeir leggi ekki mikið upp úr skólasöfnum eins og við þekkjum þau. En í alla staði var skólastarfið metnaðarfullt og þeir ákveðnir í að opna leið fyrir slökustu nemendurnar til áframhaldandi náms. Það kom til dæmis fram að í Heidelberg eru í dag aðeins 8% nemenda í Hauptschule þó þeir séu 30% í sýslunni í heild. Það er ákvörðun hvernar sýslu fyrir sig hvernig hún hefur þetta. Einnig kom fram að um 7% nemenda eru ekki í almennum skólum, það eru þeir sem eiga við einhvers konar fötlun að stríða. En það er reynt að byggja þau upp svo þau komist inn í almenna kerfið. Gamla Austurþýskaland heldur sínu skólakerfi og var látið að því liggja að það væri í raun mun betra kerfi.

Þetta var síðasti dagur okkar í Heidelberg og að morgni 10. júní var svo ekið sem leið lá á flugvöllinn í Frankfurt og flogið heim. Einhverjir í hópnunum lengdu ferðina og fóru annað, en þær ferðasögur verða ekki sagðar hér.